

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun á vegum skólapúlsins er lögð fyrir annað hvert ár og er framkvæmd í mars. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni var 87% eða 20 foreldrar. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok skólagöngu og sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.

1.Daglegt leikskólastarf	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Ánægja með leikskólann	77,8%	14/18	80,2%	-2,4%
Stjórnendur sýnilegur í daglegu starfi	93,8%	15/16	85,5%	8,3%
Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	18	95,5%	4,5%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	80%	16/20	90,5%	-10,5%
Sérþarfir í mataræði	25%	5/20	13,3%	11,7%
Hollt mataræði	100,0%	19	93,1%	6,9%

Í floknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að ánægja foreldra með daglegt starf í leikskólanum er í fjórum þáttum hærra en í viðmiðunarskólunum og einum þættir hærra en í síðustu könnun. Þátturinn sérþarfir í matarræði er 11,7 yfir landsmeðaltali. Þátturinn hæfilegur fjöldi á deild er 10% undir landsmeðaltali en í síðustu könnun var það 31% undir sem skýrist af því að of fá börn eru á deild. Skemmtilegt að sjá að í tveimur þáttum mælist niðurstaðan 100%. Annar þátturinn er hollt mataræði en hinn er ánægja barnsins í leikskólanum.

2.Námsumhverfi	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Vinnubrögð	87,5%	14/16	86,1%	1,4%
Aðastaða	88,2%	15/17	89,4%	-1,2%
Félagsleg samskipti	100%	17	94,8%	5,2%
Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	14	96,5%	3,5%

Í flokknum *námsumhverfi* kemur fram að ánægja foreldra með námsumhverfi í leikskólanum er svipað og í landsmeðaltali. Tveir þættir mælast með 100% er það félagsleg samskipti og þátttaka án aðgreiningar. Í þessum þætti höfum við bætt okkur verulega en í síðustu könnun vorum við þremur þáttum undir landsmeðaltali.

3.Samskipti við foreldra	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Upplýsingamiðlun	83,3%	15/18	76,2%	7,1%
Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	90%	18/20	82,6%	7,4%
Tengsl við starfsfólk leikskólans	100%	20	94,5%	5,5%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	64,7%	11/17	74,9%	-10,2%
Tímasetning viðburða	94,4%	17/18	86,8%	7,6%
Heimasíða leikskólans	100%	16	86,6%	13,4%

Í flokknum *samskipti við foreldra* kemur fram að ánægja með samskipti við foreldra eru yfir landsmeðaltali fimm af hverjum sex skiptum. Foreldrar eru greinilega ánægðir með heimasíðu leikskólans en þar fáum við 100% sem er 13,4% yfir landsmeðaltali. Hvatning til þáttöku er 10,2% undir landsmeðaltali og þar þurfum við greinilega að bæta okkur

4.Upphaf leikskólagöngu	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Leikskólabyrjun	14,3%	1/7	68,0%	-53,7*
Flutningur milli skólastiga	-	-	-	-
Flutningur milli deilda	66,7%	2/3	89,7%	-23,0%

Í flokknum *upphaf leikskólagöngu* voru ekki margir sem svörðu og þess vegna er þessi þáttur ekki að öllu leiti marktækur. Þátturinn leikskólabyrjun kom illa út en þar erum við 53,7 prósentum undir landsmeðaltali og ljóst að þetta þurfum við að skoða. Varðandi flutning milli deilda erum við 23% undir meðaltali en athygli vekur að ekkert barn sem dvelur á leikskólanum hefur fluttst á milli deilda.

5.Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall sérkennslu og stuðnings	0%	0/19	17,3%	-17,3%*
Hlutfall sérfræðipjónustu	0%	0/20	13,7%	-13,7%

Í flokknum *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* erum við undir landsmeðaltalinu en engin svör bárust í þeim flokki og er þar af leiðandi ekki marktækur. Í síðustu könnun vorum við líka undir landsmeðaltali hvað varðar fjölda sem nutu stunings.